

# HEIÐARSKÓLI

2. tbl. 1.árg. - Nóvember 1999

## Mikill fjöldi við skólakynningu

Fjöldi manns lagði leið sína upp í Heiðarskóla í lok september mánaðar þegar Heiðarskóli var formlega kynntur fyrir foreldrum nemenda. Þótti fólki sem vel hefði til tekist með þetta glæsilega hús og bænum til sóma.



Foreldrar athugið!

## Starfsdagur 23. nóvemb.

Þriðjudaginn 23. nóvember næst komandi verður starfsdagur í Heiðarskóla.

Fellur þar af leiðandi öll kennsla niður þennan dag.

## Skólagæsla

Vakin er athygli á að skólagæslan er ekki lokuð þá daga sem samstarfsdagar kennara eru. Nemendur geta komið í gæsluna á sama tíma og þeir dvelja venjulega þ.e. frá kl. 13:20

Frá skólastjóra:

## Skólastarfið fór vel af stað

Skólastarfið í Heiðarskóla hefur farið vel af stað og ekki annað að sjá en að bæði nemendur og starfsfólk séu búnir að finna sig á nýjum vinnustað.

Ég get ekki látið hjá líða að þakka öllu starfsfólki skólans fyrir að undirbúa og koma skólastarfinu af stað í haust við erfið skilyrði. Eins vil ég þakka þeim iðnaðarmönnum, sem hér hafa verið að vinna við lokafrágang og eru enn að, fyrir gott samstarf og tilitsemi í garð skólastarfsins. Þessa dagana er unnið af kappi við íþróttahús og sundlaug en áætlað er að kennsla hefjist þar eftir næstu mánaðarmót. Eins er verið að leggja lokahönd á ýmsan frágang í skólahúsnæðinu og á skólalóð.

Árný Inga Pálsdóttir  
skólastjóri

Rætt við Sigrúnu Eyjólfsdóttur kennara og umsjónarmanns "Vinahópa"

## Nemendur og foreldrar fá tækifæri til að ná vel saman

Nú í haust var komið af stað vinahópum í öllum bekkjum á miðstigi þ.e. 4. til 6. bekkjar í Heiðarskóla. Í hverjum bekk voru myndaðir nokkrir 4 - 5 barna hópar sem voru samsettir þannig, að þeir nemendur sem ekki voru mikið saman í skólanum voru



hafðir saman í hóp. Hópastærðin miðast við að auðvelt væri að kalla þá saman og fara eða gera eitthvað án mikillar fyrirhafnar.

Í samtali við fréttablað Heiðarskóla sagði Sigrún Eyjólfsdóttir kennari sem haft hefur umsjón með þessum vinahópum að hún teldi að þetta stuðlaði að jákvæðri kynningu barna og foreldra, þessir hópar efldu samstöðu innan bekkjarins og byggju til góðan bekkjaranda. "Þetta starf hefur gengið mjög vel og hefur fengið jákvæðar undirtektir foreldra og barna. Ýmislegt skemmtilegt hefur verið gert s.s. farið í keilu, hjólreiðatúr, fönndrað heima, farið í gönguferðir, spilað og svo mætti lengi telja," sagði Sigrún. Þá sagði hún að foreldrum barnanna væri ætlað að sjá um að gera eitthvað með hópnum í u.þ.b. 2 - 3 klst. Foreldrar barnanna í hverjum hópi væru í sama teymi, og yrðu það næstu 8 - 10 vikurnar. Þeir hefðu samband sín á milli og skipuleggðu starf hópanna. Þá væri hópunum velkomið að hittast í skólanum í samráði við bekkjarkennara eða skólástjóra.

Aðspurð sagði Sigrún að ekki væri ætlunin að þetta hefði kostnað í för með sér, en ef farið væi eitthvað sem kostaði peninga, borgaði hver fyrir sig. Þetta væri alls ekki hugsað sem samkeppni milli heimila. "Mér finnst þetta spennandi verkefni í nýjum skóla, þar sem nemendur og foreldrar fá tækifæri til að ná vel saman" sagði Sigrún að lokum.

## Heiðarskóli fær góðar gjafir gefnar

Í september færði Grétar Ólason skólanum að gjöf 25 fótbolta. Allir bekkir skólans hafa fengið afhentan bolta og hafa þeir komið að góðum notum.

Þá hefur Sigurður Erlendsson fært skólanum að gjöf tvo uppstoppaða kjóa. Þetta mun koma sér afar vel í náttúrrfræðikennslu í skólanum og er þarna kominn vísir að safni uppstoppaðra dýra í skólanum.

Færum við Grétari og Sigurði okkar bestu þakki fyrir hlýhug í garð skólans.

## Heimsóknir


Það vekur athygli langt út fyrir okkar heimabyggð að hér hefur verið byggður grunnskóli með allri tilheyrandi aðstöðu í einum áfanga. Við höfum þegar tekið á móti mörgum hópum bæði innlendum og erlendum sem komið hafa til þess að skoða skólann.

## Tónlist fyrir alla

Fimmtudaginn 18. nóvember fengu nemendur góða gesti í heimsókn en þá komu þau Sverrir Guðjónsson, Camilla Söderberg og Snorri Örn Snorrason í heimsókn í skólann og fluttu fyrir nemendur skólans tónlist frá endurreisnar- og barokktíma auk íslenskra þjóðlaga.

Á milli þess sem þau léku, kynntu þau einnig fjölbreytileika hljóðfæranna sem þau léku á, mismunandi tegundir af blokkflautum og lútum svo og ný svið karlmannsraddarinnar.

Undirtektir nemenda voru mjög góðar og vakti það athygli flytjendanna, hversu góðir áheyrendur þeir voru.



# Að gefnu tilefni

Kæru foreldrar og forráða-menn!  
Að gefnu tilefni viljum við beina þeim tilmælum til ykkar, að þegar þið akið börn-unum ykkar í skólann, vinsamlegast notið hringaksturinn fyrir framan skólann. Látið börnin fara þar úr bilunum og sakið þau einnig þangað. Það er ekki ætlast til að börnunum sé ekið að inngangi skólans við Heiðarból, gegnt gæsluvellinum.

## Foreldraviðtöl

Í nóvember munu umsjónar-kennarar allra nemenda í Heiðarskóla hafa samband við foreldra. Foreldrar eru hvattir til að nýta viðtalstíma kennara barna sinna, hvort sem þeir koma í skólann eða hringja.

## Nemendaráð Heiðarskóla

Ráðið hóf störf í september. Meginmarkmið þess er að skipuleggja tómstundastarf nemenda eins og klúbba, opin hús, jólahátíð og árshátíð. Nú þegar hafa verið nokkrar skemmtanir og vel tekist. Tölvuklúbbur og stúlknaklúbbur eru nú í gangi og snyrtinámskeið hefur þegar farið fram.

Í nemendaráði Heiðarskóla sitja eftirfarandi nemendur:

Björg Áskelsdóttir form.	10.V
Ingibjörg Á Pétursd.	10.U
Stefán Hjörleifsson	9.S
Vala Rún Björnsdóttir	9.T
Bjartmar S. Guðjónsson	8.R
Guðrún S. Egilsdóttir	8.P
Guðmundur Benjamínsson	7.O
Lilja Karen Steinþórsdóttir	7.N



## Dagur íslenskrar tungu með hátíðarbrag í Heiðarskóla

Það má með sannri segja að dagur íslenskrar tungu hafi verið haldinn hátíðlegur í Heiðarskóla 16. nóvember síðastliðnum en þá brýndu kennarar fyrir nemendum mikilvægi íslenskrar tungu og að halda henni hreinni, ýmist með kynningu eða lestri úr verkum Jónasar Hallgrímssonar, sem þessi dagur er kenndur við.

Þá var sérstök kynning á sal um listaskáldið góða, Jónas Hallgrímsson í flutningi nemenda sem Steinunn Njálisdóttir kennari ásamt Árnýju Ingu Pálsdóttur skólustjóra undirbjuggu með mikilli þryði. Að lokum sungu allir "Stóð ég úti í tungsljósi" við undirspil Guðmundar Hermannssonar tónmenntakennrara.


## Samþættingardagar

Dagana 26., 29. og 30. nóvember verður allt hefðbundið skólastarf brotið upp og allir nemendur skólans vinna að einu og sama verkefni, en það verður "HEIÐARSKÓLI". Allir nemendur skólans mæta í skólann þessa daga, kl. 8.10 og lýkur skóladegi kl.13.20. Um framkvæmd og fyrirkomulag verkefnisins fá nemendur að vita hjá sínum umsjónar- eða bekkjarkennara.

## Rósa frænka færð upp í Heiðarskóla

Þriðjudaginn 16. nóvember kom Stoppleikhópurinn í Heiðarskóla og flutti fyrir nemendur í 9. og 10. bekk leikritið Rósu frænku eftir Valgeir Skagfjörð. Markmið þessa leikhóps er að flytja leiksýningar sem tengjast hverskonar fræðslu og forvarnarstarfi og fjallaði leikritið um kynsjúkdóma. Stoppleikhópurinn hlaut styrk frá Landlækniseimbættinu og Þjóðkirkjunni vegna þessa leikrits. Nemendum verður síðan afhentur bæklingur um leiksýninguna og boðskap hennar.

# KRAKKAR!



## MUNIÐ AÐ NOTA ENDURSKINSMERKIN

## Starfsemi foreldrafélags Heiðarskóla fer vel af stað

Það er sérstakt ánægjuefni að sjá hversu glæsilega og af miklum krafti starfsemi foreldrafélagsins hefur farið af stað.

Bekkjarstjórnir allmargra bekkja hafa þegar staðið fyrir margvíslegum samkomum eða ferðum með nemendum og foreldrum og vítað er af mörgum öðrum bekkjardeildum sem þegar eru búnir að skipuleggja ýmsar uppákomur fram í tímann. Starfsfólk Heiðarskóla væntir mikils af foreldrafélaginu og ef fram heldur sem horfir þarf ekki að örvænta.

Á aðalfundi og stofnun foreldrafélagsins voru eftirtaldir foreldrar kosnir í stjórn.

Magnea H Björnsdóttir	Suðurgarði 22 form.	421-1449
Björk Birgisdóttir	Suðurvöllum 20	421-4448
Gunnlaug Olsen	Vesturgötu 34	421-1184
Kári Gunnlaugsson	Heiðarbóli 5	421-3425
Magnús Daðason	Heiðarbraut 10	421-3434

#### Foreldraráð:

Axel Sigurbjörnsson	Bjarnavöllum 10	421-2017
Gunnlaug Olsen	Vesturgötu 34	421-1184
Jóhannes Kjartansson	Heiðarbraut 1e	421-3389

## *Frá foreldrafélagi Heiðarskóla*

Á fyrsta fundi stjórnar Foreldrafélags Heiðarskóla var ákveðið að beina þeim tilmælum til foreldra / forráðamanna barna í Heiðarskóla, að hvert heimili greiði kr. 500,- í stofnsjóð Foreldrafélagsins.

*Með fyrirfram þökk*

***Stjórn Foreldrafélags Heiðarskóla***